

SKATTFRÁDRÁTTUR

Endurgreiðsla rannsóknar- og
þróunarkostnaðar



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



Markmið

Markmiðið er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Fyrir hverja?

Fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.

Hvað er í boði?

Fyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefni á rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur allt að 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna.

Hámark kostnaðar til útreiknings hjá hverju fyrirtæki er 300.000.000 kr (450 m.kr. ef um er að ræða samstarfsverkefni og ef fyrirtækið er með aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu).

Skattfrádráttur miðast við hvert verkefni og þarf að sækja um fyrir hvert verkefni.

Ferlið

Fyrirtæki sækja um staðfestingu á rannsókn- eða þróunarverkefni til Rannís.

Fyrirtæki sem fá staðfestingu á rannsókn- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti. Fyrirtæki gera grein fyrir kostnaði á skattskýrslu til RSK.

Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út.

Umsókn

Gera þarf grein fyrir verkefni á umsóknarvef Rannís.

Stutt viðskiptaáætlun þarf að fylgja með umsókninni, sniðmát er á heimasíðu Rannís.

Ef verkefni eru samstarfsverkefni þarf samstarfs-samningur að liggja fyrir milli umsækjenda.

Sækja þarf um fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Kostnaður

Rannsóknar- og þróunarkostnaður: Beinn kostnaður við verkefnið og annarra aðfanga sem eingöngu fellur til við verkefnið.

Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

Halda þarf öllum kostnaði við hvert verkefni aðskildum frá öðrum rekstri.

Hámarks opinber stuðningur

Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrættinum getur ekki farið yfir ákveðin hlutföll.



	Þróunarverkefni		Rannsóknarverkefni	
	Án samstarfs	Samstarfsverkefni	Án samstarfs	Samstarfsverkefni
Lítill fyrirtæki	45%	60%	70%	80%
Meðalstór fyrirtæki	35%	50%	60%	75%
Stór fyrirtæki	25%	40%	50%	65%

Umsóknafrestir

- ✓ Nýjar umsóknir – til 1. október.
- ✓ Framhaldsverkefni – til 1. apríl.

Athugið að þessir umsóknafrestir eru lögbundnir og það er ekki hægt að færa þá til.

Hvaðan er sótt?



Þróun endurgreiðslu

